

13. Bréf fræðslumálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um veitingu Stokkseyrar og Kaldaðarness.

1858.

19. maí.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, ritað oss bréf 18. nóvember í fyrra, og skotið undir úrskurð vorn ágreiningsmáli yðru um veitingu brauðsins Stokkseyrar og Kaldaðarness í Árnass sýslu.

Þér hafið ætlað, háæruverðugi herra, að umsóknarbréf sèra Björns Jónssonar, prests á Torfustöðum, um brauðið gæti eigi tekizt til greina, því það hefði eigi komið fyrr en 2. september í fyrra, en 6 vikur þær voru úti 31. ágúst, sem er vanalegur tími til að sækja um brauð; þér hefðið þá og 31. ágúst samið atkvæði yðvart um veitingu brauðsins og sent það stiptamtmanni; en hinna tveggja sækenda, þeirra sèra Jakobs Guðmundssonar á Ríp og sèra Jóns Kristjánssonar að Þóroddstað, hefir yður þótt sèra Jakob maklegri. En nú hefir yður virzt, herra stiptamtmaður, að bæði væri órétt að setja sèra Björn hjá fyrir þá eina sök, að umsókn hans kom eptir 6 vikna frestinn og síðar en biskupinn hafði samið atkvæði sitt, með því að hún hefði þó komið yður jafsnemma í hendur sem atkvæði biskups, þar þér voruð fjarverandi um það leyti í embættis erindum, og með því að 6 vikna tímunn hlyti að virðast optastnær of stuttur frestur fyrir þá er sækja um brauð, eptir því sem til hagaði á Íslandi; þér hafið og ætlað, að gæti sèra Björn eigi fengið brauðið af því að hann sókti of seint, þótt yður annars finnist hann maklegastur til að fá það, þá ætti þó sèra Jón að fá það fyrir sèra Jakob, er þér, háæruverðugi herra, hafið gefið atkvæði yðvart.

Þessu svörum vèr á þá leið, að oss þykir það eigi næg ástæða til að sleppa sèra Birni með öllu, að hann hafði eigi sókt þá er biskup samdi atkvæði sitt og sendi stiptamtmanni, fyrst að umsóknarbréf hans var þó komið áður en stiptamtmaður og biskup höfðu talað saman um veitínguna, eptir því sem fyrir er mælt í konúngsúrsk. 14. maí 1850, og því áður en þeir höfðu komið sèr saman um, hverjum veita skyldi brauðið, og það því síður, sem 6 vikna tímunn má virðast heldur stuttur frestur á Íslandi, eptir því sem þar hagar til með

1858. póstgöngur og aðra landsháttu, sem og herra stiptamtmaðurinn
19. maí. hefir á vikið.

Þess skulum vèr og enn fremur geta, að skyldi yður, þá er lokið er þessu máli um umsóknarbréf sèra Björns, greina enn á um, hverjum þeirra þriggja skyldi brauðið veitast, þá ber nauðsyn til að öll umsóknarbréfin sè send hingað, og að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sendið með þeim tillögur yðvar beggja, og hvorr ykkar um sig styði þær með sínum ástæðum, áður en vèr fáum lagt úrskurð vorn á málið.

29. maí. **14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fátækramálefni.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, ritað oss tillögur yðvar 14. nóvember í fyrra með bónarbréfi frá hreppstjórunum í Álptaness hrepp, er þeir bera sig upp undan því, að fátækur barnamaður nokkurr, er hingað til hafi búið austur í Grímsnesi í Árness sýslu og sè sveitlægur þar í hrepp, hafi að ráði tengdaföður síns, Sigurðar Sigurðssonar, þurraþúðarmanns á Hjallalandi í Álptaness hrepp, eður sonar hans, farið þangað í húsmennsku; og nú fyrir því að þèr, herra stiptamtmaður, hafið samsinnt því, er sýslumaður vildi eigi, að áskorun hreppstjóranna, grípa til 21. gr. í reglugjörð 8. janúar 1834 og færa manninn aptur með fjölskyldu sinni, þá hafa þeir hreppstjórnarnir skotið því til úrskurðar vors, hvort þeir væri eigi skyldir til, að svo vöxnu máli, að vísa manninum heim á sveit sína.

Þessu svörum vèr, sjálfum yður til leiðbeiníngar og til frekari auglýsingar, að oss lízt eigi að 21. gr. reglug. 8. jan. 1834 eigi hèr við, að svo sköpuðu máli, og eigi fáum vèr sèð, að hreppstjórar eigi rétt á að beiða hann brottfarar úr hrepp þeim, er hann nú er, með því að hann hefir eigi leitað nè fengið nokkurn styrk af fátækra sjóði.